

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, Árna Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.350.00, greiðist úr ríkissjóði.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hjaltastaðahreppur í Norður-Múlasýslu, greiði stefnanda, Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, kr. 15.790.00 með 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1956 til greiðsludags og kr. 2.700.00 í málskostnað.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, hæstaréttarlögmanns Árna Stefánssonar, kr. 2.350.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. október 1963.

Nr. 144/1962. **Birgir Hákon Valdimarsson**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Rafmagnsstjóranum í Reykjavík f. h.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur

(Guttormur Erlendsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.

Mál til endurheimtu tryggingarfjár.

Krafa um miska- og skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1962. Eru kröfur hans þessar:

1. Að stefnda verði dæmt, að viðlögðum 100 króna dagsektum, er renni til áfrýjanda, að endurgreiða inn í sparisjóðsbók áfrýjanda í Útvegsbanka Íslands, hér í borg, nr. 19364, tryggingarfé áfrýjanda, kr. 3000.00, auk 6% ársvaxta

af fjárhæðinni frá úttektardegi, 5. júlí 1958, til greiðsludags.

2. Að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda miska- og skaðabætur, að fjárhæð kr. 25.000.00, með 6% ársvöxtum frá 10. júlí 1958 til greiðsludags.

3. Að stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Hinn 15. september 1954 veitti stefndi áfrýjanda samkvæmt umsókn hans leyfi til að leggja rafmagnslagnir í húsin nr. 54, 56 og 58 við Hjarðarhaga í Reykjavík. Tók áfrýjandi þar með á sig gagnvart stefnda verkábyrgð samkvæmt löggildingarskilyrðum rafmagnsvirkja á orkusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur frá 28. september 1951 og reglugerð um raforkuvirki nr. 61/1933, sbr. einkum 143. og 144. gr. hennar. Er reglugerðin sett samkvæmt lögum um raforkuvirki nr. 83/1932, en í stað þeirra laga eru nú komin raforkulög nr. 12/1946, og hefur reglugerðarákvæðið stoð í 20. gr. þeirra. Því fer fjarri, að áfrýjandi hafi verið leystur undan framangreindri verkábyrgð, þó að hann hafi hinn 5. nóvember 1956 tjáð forstöðumanni innlagningardeildar stefnda munnlega, að tiltekinn rafvirki mundi ljúka verkinu og forstöðumaðurinn ritaði um það athugasemd á umsóknar- og leyfisskjal áfrýjanda. Hafði stefndi bæði rétt og skyldu til að bæta úr þeim frámunalega og hættulega vanbúnaði í verkinu, sem kom í ljós við athugun eftirlitsmanna. Var stefnda og heimilt að nota tryggingarféð til að bæta úr göllunum. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Birgir Hákon Valdimarsson, greiði stefnda,

rafmagnsstjóranum í Reykjavík f. h. Rafmagnsveitu Reykjavíkur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júlí 1962.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 20. f. m., hefur Birgir H. Valdimarsson, nú til heimilis í Vancouver, Kanada, áður til heimilis að Tjarnarstíg 7, Seltjarnarnesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. október 1958, gegn Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra fyrir hönd Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Gerir stefnandi þær dómkröfur í stefnu: að stefnda verði, að viðlögðum 100 króna dagsektum, er renni til stefnanda, dæmt að endurgreiða inn í sparisjóðsbók stefnanda í Útvegsbanka Íslands, hér í bæ, nr. 19364, tryggingarfé stefnanda, kr. 3.000.00, auk 6% ársvaxta af fjárhæðinni frá úttektardegi, 5. júlí 1958, til greiðsludags, að stefnda verði gert að greiða stefnanda miska- og skaðabætur að fjárhæð kr. 25.000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. júlí 1958 til greiðsludags sem bætur fyrir miska og tjón af þeim álitshnekki, er hann hafi fengið við það, að rafmagnsstjóri lagði til við bæjarráð með bréfi hinn 10. júlí 1958, að stefnandi yrði sviptur löggildingum sem rafmagnsvirki og að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á vaxta-kröfum stefnanda, að krafizt var 6% ársvaxta af kr. 3.000.00 frá 5. júlí 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvaxta frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags, en af kr. 25.000.00 var krafizt 6% ársvaxta frá 10. júlí 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvaxta frá þeim degi til 29. desember s. á., og 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans. Af hálfu stefnda er breyting stefnanda á vaxtakröfum ekki samþykkt.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. marz 1954 afhenti stefnandi Rafmagnsveitu Reykjavíkur sparisjóðsbók nr. 19364 við Útvegsbanka Íslands með innstæðu, er nam kr. 3.000.00, sem tryggingu fyrir því, að hann uppfyllti skyldur sínar sem löggiltur rafmagnsvirki hér í bæ, og mun löggilding hans þar með hafa tekið gildi. Hinn 14. september 1954 sótti stefnandi um leyfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur

til að leggja raflagnir í hús Byggingarsamvinnufélags prentara nr. 54, 56 og 58 við Hjarðarhaga hér í bænum. Daginn eftir var stefnanda veitt leyfið, en samkvæmt því skyldu lagnirnar að öllu leyti gerðar samkvæmt reglum um rafmagnslagnir í Reykjavík. Stefnandi hafði stofnað firmað Rafleiðir s.f. ásamt Tryggva Arasyni, en samkvæmt tilkynningu, dags. 7. apríl 1956, gekk stefnandi úr firmanu þann dag, en Tryggvi rak firmað eftir það einn og á eigin ábyrgð undir nafninu Rafleiðir. Tilkynning þessi birtist í Lögbirtingablaðinu, er út kom hinn 21. apríl 1956. Hinn 14. júní 1956 sótti Tryggvi um löggildingu sem rafmagnsvirki við lágspennuveitur hér í bænum. Á fundi bæjarráðs Reykjavíkur hinn 29. s. m. var samþykkt að veita Tryggva löggildinguna samkvæmt þeim skilyrðum, er þá giltu eða sett kynnu að verða. Var Tryggva tjáð með bréfi hinn 30. s. m., að löggildingarbréfið yrði gefið út, er hann hefði undirritað lögákveðin skilyrði hjá rafmagnsstjóra og sett tiltekið veð (tryggingu). Tryggvi setti umrætt veð hinn 5. nóvember 1956. Við athugun, sem starfsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur gerðu á raflögn hússins nr. 54 við Hjarðarhaga hinn 2. nóvember 1956, fundu þeir ýmislegt, er þeir töldu brot á reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur, reglugerð um raforkuvirki svo og brot á löggildingarskilyrðum rafmagnsvirkja. Með bréfi, dags. hinn 7. nóvember 1956, kærði rafmagnsstjóri af þessu tilefni þá stefnanda og greindan Tryggva, aðallega báða, en til vara stefnanda, þar sem rafmagnsstjóri taldi hann bera ábyrgð á lögninni, fyrir brot á reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur, reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og löggildingarskilyrðum rafmagnsvirkja. Í sakadómi Reykjavíkur lauk máli stefnanda hinn 31. s. m. með áminningu, en Tryggva Arasyni var hinn 21. s. m. gert að greiða kr. 1000.00 í sekt til ríkissjóðs. Hinn 8. janúar 1958 ritaði Rafmagnsveita Reykjavíkur Tryggva Arasyni bréf varðandi úrbætur, sem farið var fram á að gerðar yrðu á raflögnum húsanna nr. 54, 56 og 58 við Hjarðarhaga. Hinn 12. febrúar 1958 ritaði Rafmagnsveita Reykjavíkur svefnanda svohljóðandi bréf varðandi „raflögn að Hjarðarhaga 54, 55 og 56“:

„Við höfum farið þess á leit við Tryggva Arason, löggiltan rafvirkjameistara, að hann lyki þessu verki, svo og lyki við úrbætur, er vér fórum fram á að gerðar yrðu, þegar tengt var, en þessu hefur ekki verið lokið enn, þrátt fyrir rýmilegan frest, er vér gáfum honum.

Þann 5. nóv. 1956 tjáið þér oss munnlega hér á skrifstofu Innlagningsaðildar, að þér væruð hættur félagsskap, er þér hefðu verið í við Tryggva Arason, og þar með, að Tryggvi tæki við m. a. þessu verki.

Þar eð hér er um ákvæðisvinnu að ræða og þér undirritið samninginn við byggingafélagið, tilkynnum vér yður hér með að vér munum láta ljúka þessu verki á yðar og Tryggva kostnað, þ. e. greiða kostnaðinn af tryggingarfé yðar beggja, að svo miklu leyti sem það hrekkur til.“

Með bréfi, dags. hinn 3. júlí 1958, tilkynnti Rafmagnsveita Reykjavíkur stefnanda, að samkvæmt 16. gr. löggildingarskilyrða rafmagnsvirkja hefði tryggingarfé hans verið tekið til að greiða kostnað við að ljúka raflögn samkvæmt athugasemdum, gerðum, er tengingar fóru fram í húsunum nr. 54—58 við Hjarðarhaga, eign Byggingarfélags prentara. Var jafnframt tekið fram, að samkvæmt hinnj tilvitnuðu grein löggildingarskilyrðanna bæri stefnanda að hækka tryggingarféð aftur upp í kr. 3000.00 áður en liðnir væru þrír dagar, að öðrum kosti félli löggilding hans niður.

Með bréfi, dags. hinn 18. júlí 1958, var af hálfu stefnanda töku tryggingarfjárins mótmælt, þar sem stefnandi teldi sig hvorki hafa brotið 12. né 13. gr. löggildingarskilyrðanna. Var því jafnframt mótmælt, að heimilt væri að fella löggildingu stefnanda niður. Var stefnanda áskilinn réttur til bóta úr hendi Rafmagnsveitu Reykjavíkur fyrir tjón og álitsspöll, er hann kynni að biða vegna aðgerða hennar í málinu. Hinn 18. júlí 1958 birtist í einu dagblaða bæjarins frétt þess efnis, að samkvæmt tilmælum rafmagnsstjóra hefði bæjarráð Reykjavíkur svipt Trygga Arason löggildingu til að standa fyrir raflögnum á veitusvæðinu vegna brots á löggildingarskilyrðum. Jafnframt var tekið fram, að rafmagnsstjóri hefði gert sams konar tillögu varðandi Birgi Valdimarsson rafvirkja, en bæjarráð hefði frestað að taka afstöðu til hennar.

Þrátt fyrir misræmi það, sem fram kemur í sumum skjölum málsins um götunúmer húsa þeirra, sem fjallað er um, hefur ekki komið fram ágreiningur um, að það hafi verið húsin nr. 54, 56 og 58 við Hjarðarhaga, sem stefnandi hafi fengið leyfi til að leggja raflagnir í, að það hafi verið raflagnir í þessum húsum, sem athugasemdir starfsmanna Rafmagnsveitu Reykjavíkur hafi beint að og að það hafi verið til lúkningar þessum raflögnum, sem tryggingarfé stefnanda var tekið.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi tilkynnt Rafmagnsveitu Reykjavíkur um slit félags þeirra Tryggva Arasonar og að Tryggvi tæki við óloknum verkefnum og skuldbindingum þeirra. Ekki kveðst hann þó muna, hvenær hann tilkynnt þetta. Einnig kveður hann eigendum umræddra húsa hafa verið tilkynnt þetta og samþykki þeirra fengið fyrir því, að Tryggvi tæki einn við framkvæmdum við húsin. Stefnandi kveður hvorki starfsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur né eigendur húsanna hafa hreyft neinum athugasemdum við þessari breytingu. Er stefnandi hætti afskiptum af raflögnum í húsunum, kveður hann að mestu hafa verið lokjð við að ganga frá „undir stein“, en eitthvað kveður hann hafa verið skemmra á veg komið með framkvæmdir í risi og kjallara. Hann kveður sér kunnugt um, að eitthvað hafi skemmzt af rafmagnsrörum vegna þess að brjóta hafi þurft upp, en hann kveður þá Tryggva hafa lagfært þau rör, sem þeim hafi verið sagt frá. Stefnandi kveður engar aðrar tengingar hafa verið framkvæmdar á sínum vegum en tengingar á vinnuljósum og miðstöð.

Vitnið Sigurður P. J. Jakobsson, forstöðumaður innlagningardeildar Rafmagnsveitu Reykjavíkur, hefur skýrt svo frá, að það hafi fyrst verið hinn 5. nóvember 1956, sem það vissi um félagsskap þeirra stefnanda og Tryggva Arasonar. Það kveðst sjálfst hafa fært eftirfarandi áritanir á umsóknir stefnanda fyrir ramagnslagnir í umrædd hús: „5/11 '58. Tryggvi Arason lýkur þessu verki.“ Vitnið kveður áritanir þessar gerðar samkvæmt upplýsingum stefnanda máls þessa. Vitnið kveðst ekki hafa gert athugasemdir við breytingu þá, sem áritanir þessar gefa til kynna, aðra en þá, að það kveðst hafa borið það undir stefnanda, að hann aðstoðaði Tryggva við að ljúka verkinu. Vitnið kveðst hafa álitnið, að Tryggvi væri mannfár. Það kveður stefnanda hafa talið, að hann mætti ekki gera það, því þá skapaði hann sér ábyrgð gagnvart Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem hann taldi sig eftir þetta lausan við. Vitnið kveður stefnanda ekki hafa tilkynnt neitt í sambandi við hús þessi, nema tengingu vinnuljósa.

Vitnið Tryggvi Arason hefur skýrt svo frá, að það hafi tekið við verki stefnanda við raflagnir í húsunum nr. 54, 56 og 58 við Hjarðarhaga. Telur vitnið, að stefnandi hafi eingöngu unnið við lagningu röra, ísetningu dósa og ídrátt fyrir vinnuljós. Vitnið kveður sig hafa hlotið að tilkynna Rafmagnsveitu Reykjavíkur, að það tæki við verkinu af stefnanda, en ekki kveðst það hafa

undirritað umsókn um heimild til að framkvæma verkjð, eins og stefnandi hefði gert. Vitnið kveðst hafa tilkynnt lúkningu hinna ýmsu stiga verksins, þ. e. hverja íbúð fyrir sig, enda kveður það ekki venju að tilkynna lúkningu verksins í heild. Vitnið kveður sig og stefnanda í upphafi hafa haft með sér félag um framkvæmd verksins og telur öruggt, að þeir hafi báðir undirritað samning um við húsbyggjendur um það. Það kveður þá síðan hafa slitið þesu félagi á árinu 1956 og eftir það hafi það farið að afla sér gagna til að öðlast löggildingu sem rafvirkjameistari. Telur vitnið, að það hafi greitt þrjú þúsund króna tryggingu um leið og það afhenti gögnin til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Vitnið kveður stefnanda ekki hafa komið nálægt framkvæmd verksins eftir að þeir félagarnir slitu félagi sínu. Það kveður þá félagana hafa haft á hendi framkvæmdir við ýms fleiri hús, sem það hafj svo tekið að sér á sama hátt og hér um ræðir.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að hann hafi hvorki brotið 12. né 13. gr. löggildingarskilyrða rafmagnsvirkja á orkuveituvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur og hafi því verið óheimilt að skerða tryggingarfé hans til að bæta úr göllum þeim, sem urðu á verkinu. Af sömu ástæðu hafi verið óheimilt að fella niður löggildingu hans. Er því haldið fram, að tillaga rafmagnstjórans í Reykjavík um að svipta stefnanda löggildingu hafi hlotið allmikla útbreiðslu, m. a. hafi hún birzt í dagblaðinu Þjóðviljanum, og sé ljóst, að tillagan hafi bakað stefnanda álitshnekki og fjártjón. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að þrátt fyrir það, þótt dagsetningar áritana þeirra, sem Sigurður P. J. Jakobsson færði inn á umsóknir stefnanda til umræddra raflagna, séu rangar, þá feli þær það í sér, að Rafmagnsveita Reykjavíkur hafi leyst stefnanda undan ábyrgð á framkvæmd verksins. Þá er því og haldið fram, að það hafi ekki verið fyrr en á árinu 1958, sem stefnandi hafj fengið vitneskju um, að eitthvað væri athugavert við raflagnir í umræddum húsum. Ljóst sé því, að svo langur dráttur hafi orðið á því, að lagfæringar væru gerðar, að krafa sú, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur kunní að hafa átt á hendur stefnanda, hafi verið fyrnd.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að uppdrættir að raflögnum í húsin nr. 54, 56 og 58 við Hjarðarhaga hafi verið samþykktir fyrir stefnanda sem löggiltan rafvirkja. Fram til 5. nóvember 1956 hafi verið unnið að raflögnum í húsunum á

ábyrgð stefnanda sem löggilts rafvirkjameistara og hafi á þessu tímabili komið í ljós stórfelldir gallar á verkinu, sem meistari beri ábyrgð á. Rafmagnsveita Reykjavíkur hafi orðið að taka tryggingarfé stefnanda til að bæta úr göllum þessum. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að engu máli skipti, hvenær þeir stefnandi og Tryggvi Arason hafi slitið félagi sínu, þar sem stefnandi hafi persónulega fengið leyfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur til að leggja umræddar raflagnir. Af sömu ástæðu er því haldið fram, að tilkynning stefnanda um, að Tryggvi væri tekinn við verkinu, hafi ekki leyst hann undan ábyrgð á raflögnum í umrædd hús, enda hafi það aldrei verið samþykkt af Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Er því haldið fram, að stefnandi hafi verið ábyrgur rafvirkjameistari fyrir verkinu, þar til því var lokið.

Fram er komið, að stefnandi sótti einn um leyfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur til að leggja raflagnir í umrædd hús. Leyfi þetta var honum veitt einum. Samkvæmt 144. gr. reglugerðar nr. 61/1933 ber löggiltur rafvirki ábyrgð á því, að verk þau, er hann tókst á hendur, séu vel af hendi leyst og fullnægi öllum þeim kröfum, sem gerðar eru í gildandi lögum, reglugerðum og reglum um raforkuvirki á hverjum tíma. Samkvæmt niðurlagi 11. gr. laga nr. 83/1932 verður eigi talið, að ákvæði 13. gr. löggildingsarkilyrðanna haggi þessari ábyrgð. Það er ljóst, að stefnandi hefur með aðgerðum sínum viljað leysa sig undan ábyrgð á framkvæmd verksins. Það verður að telja fram komið, að ágallar þeir á verkinu, sem tryggingarfé stefnanda var notað til að bæta úr, hafa komið fram á þeim hluta verksins, sem framkvæmdur var eftir að kæra rafmagnsstjórans á hendur stefnanda og vitninu Tryggva kom fram hinn 7. nóvember 1956. Ekki hefur það verið véfengt af hálfu stefnanda, að gallar þessir hafi verið á verkinu. Ekki verður talið, að einhliða tilkynning stefnanda til Rafmagnsveitu Reykjavíkur um, að Tryggvi Arason tæki við framkvæmdum verksins hafi leyst stefnanda undan ábyrgð hans sem löggilts rafvirkjameistara, enda er ekki í ljós leitt, að Tryggvi hafi á ótvíræðan hátt tekið að sér skuldbindingar stefnanda að þessu leyti gagnvart Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Verður ekki talið, að áritanir þær, sem Sigurður P. J. Jakobsson færði á umsóknir stefnanda hafi sjálfstætt gildi að þessu leyti. Samkvæmt þessu verður að telja, að Rafmagnsveitu Reykjavíkur hafi verið heimilt að taka tryggingarfé stefnanda til að greiða kostnað við lagfæringar á raflögnum í umrædd-

um húsum. Verður Rafmagnsveita Reykjavíkur því ekki talin bótaskyld, þótt rafmagnsstjóri hafi lagt til við bæjarráð Reykjavíkur, að stefnandi yrði sviptur löggildingu sinni sem rafvirki, er hann greiddi ekki á ný tryggingarfé samkvæmt 16. gr. löggildingarskilyrðanna.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, rafmagnsstjórinn í Reykjavík f. h. Rafmagnsveitu Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Birgiss H. Valdimarssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. október 1963.

Nr. 73/1963. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Jón Skaftason hrl.)

gegn

Aðalheiði Friðriksdóttur

(Guðlaugur Einarsson hdl.).

og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómaramenn Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theodór B. Línal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann skiptingar sakar og lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjanda, enda verði þá málskostnaður fyrir báðum dómum látinn falla niður.